

Samgöngustofa

10 221

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfspáttayfirlit	7
Skýringar	8

Samgöngustofa

kt. 540513-1040

Ármúla 2, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samgöngustofa er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin fer með stjórnsýslu samgöngumála og annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 3.282,9 milljónir og afkoma kr. 12,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 105,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.107,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Samgöngustofu fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.374.300.000	1.325.100.000
Aðrar tekjur	3	1.529.257.305	1.492.717.679
Vörusala	4	322.225.111	388.106.691
Framlög og ýmsar tekjur	5	21.342.722	24.208.153
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	35.731.751	34.533.916
Tekjur samtals		3.282.856.889	3.264.666.439
Gjöld			
Framlög og tilfærslur		543.991	11.266.334
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	2.364.763.161	2.295.492.113
Annar rekstrarkostnaður	7	863.844.853	813.424.211
Afskriftir og niðurfærslur	8	35.731.751	34.533.916
Gjöld samtals		3.264.883.756	3.154.716.574
Afkoma fyrir fjármagnsliði		17.973.133	109.949.865
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		4.758.025	9.723.374
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(10.002.574)	(3.908.438)
		(5.244.549)	5.814.936
Afkoma ársins		12.728.584	115.764.801
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	12.772.575	126.531.135
Rekstrartilfærslur		(43.991)	(10.766.334)
		12.728.584	115.764.801

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	9	581.862.117	261.862.935
Viðskiptakröfur	10	321.533.473	318.704.094
Tengdir aðilar	11	993.707.207	1.288.391.139
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	44.805.524	20.094.714
Birgðir		26.431.962	24.816.048
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	82.151.487	77.885.703
Óefnislegar eignir	14	56.950.647	61.593.131
Eignir samtals		2.107.442.417	2.053.347.764
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	1.782.775	1.837.849
Viðskiptaskuldir	15	9.290.551	68.285.727
Ýmsar skammtímaskuldir	16	335.348.824	242.900.755
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	120.591.719	112.623.470
Skuldir samtals		467.013.869	425.647.801
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		1.640.428.548	1.627.699.963
Eigið fé	18		
Hrein eign		105.550.529	92.821.944
Bundið eigið fé		1.534.878.019	1.534.878.019
Endurmatsreikningur			0
Eigið fé samtals		1.640.428.548	1.627.699.963
Eigið fé og skuldir samtals		2.107.442.417	2.053.347.764
Aðrar upplýsingar	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		12.728.584	115.764.801
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	35.731.751	34.533.916
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(35.731.751)	(34.533.916)
		<u>12.728.584</u>	<u>115.764.801</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(27.540.189)	352.488.814
Tengdir aðilar		302.973.807	(575.838.472)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		33.452.893	47.726.713
		<u>307.270.597</u>	<u>(159.299.045)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>319.999.181</u>	<u>(43.534.244)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	13	(35.355.052)	(21.483.237)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	0
		<u>(35.355.052)</u>	<u>(21.483.237)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	0
Fjárfestingarframlag		35.355.052	21.483.237
		<u>35.355.052</u>	<u>21.483.237</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		319.999.181	(43.534.244)
Handbært fé í byrjun árs		261.862.935	305.397.179
Handbært fé í árslok		<u>581.862.117</u>	<u>261.862.935</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	1.362.500.000	500.000	18.700.000	1.381.700.000
Fjáraukalög	(25.000.000)	0	25.000.000	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.337.500.000	500.000	43.700.000	1.381.700.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda				
Launabætur	36.300.000	0	0	36.300.000
Fjárveiting ársins	1.373.800.000	500.000	43.700.000	1.418.000.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	91.221.278	(10.766.334)	(26.855.364)	53.599.580
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(10.766.333)	10.766.334	0	1
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.454.254.945	500.000	16.844.636	1.471.599.581
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.361.027.425)	(543.991)	(35.355.052)	(1.396.926.468)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	93.227.520	(43.991)	(18.510.416)	74.673.113
Breytingar vegna árslokastöðu 2023	0	0	0	0
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	93.227.520	(43.991)	(18.510.416)	74.673.113

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur sjá sundurliðun skýring 3.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Skýringar

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Skýringar

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.374.300.000	1.325.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	35.731.751	34.533.916
	1.410.031.751	1.359.633.916

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að fráðregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.362.500.000	500.000	0	1.363.000.000
Fjáraukalög	(25.000.000)	0	0	(25.000.000)
Launabætur	36.300.000	0	0	36.300.000
Fjárveiting til tekna	1.373.800.000	500.000	0	1.374.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að fráðregnum sértekjum ..	(1.361.027.425)	(543.991)	0	(1.361.571.416)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	12.772.575	(43.991)	0	12.728.584

	2024	2023
3 Aðrar tekjur		
Skirteini og skráningar	68.462.440	112.725.476
Árgjöld loftfara	489.293.701	491.992.668
Námskeiðs- og prófgjöld	6.767.078	7.790.699
Leyfisheimildir og vottorð	62.738.630	49.627.848
Útseld þjónusta	177.446.555	169.251.328
Nortype	162.174.527	151.154.458
Ýmis þjónusta	6.891.553	4.572.746
Upplýsingaveita	246.452.543	210.545.863
Þjónustutekjur	309.030.278	295.056.593
	1.529.257.305	1.492.717.679

4 Vörusala		
Skráningarmarki	144.109.333	223.817.124
Skoðunarmiðar	20.153.785	19.159.531
Geymslugjöld númeraplatna	30.692.814	28.821.490
Ökuritakort	46.765.274	45.634.723
Ökupróf	40.182.084	35.230.398
Annað	40.321.821	35.443.425
	322.225.111	388.106.691

5 Framlög og ýmsar tekjur		
Umferðarfræðsla og sumarskóli	10.944.620	5.273.535
Leigutekjur	535.500	663.000
Framlag vegna umferðaröryggisáætlauna	0	5.000.000
Þóknun vegna innheimtu bifreiðagjalda	347.490	408.921
Erlendar endurgreiðslur	9.515.112	9.947.146
Styrkir til afmarkaðra verkefna	0	2.915.551
	21.342.722	24.208.153

Skýringar

	2024	2023
6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.902.344.018	1.836.851.494
Orlof, breyting	11.490.229	19.591.272
Launatengd gjöld	436.170.346	420.086.798
Starfsmannakostnaður	14.758.568	18.962.549
	2.364.763.161	2.295.492.113
Meðalfjöldi stöðugilda	145,2	146,3
	2024	2023
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.741.375	3.995.226
Byggingarvörur, almennar	0	14.522
Tæki og búnaður til innréttinga	4.996	204.919
Ýmis tæki og áhöld	4.967.804	12.519.130
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.245.186	480.391
Orkugjafir	10.225.256	8.926.109
Matvæli	29.767.239	27.583.369
Almennar rekstrarvörur	5.741.022	6.409.490
Vörukaup, almenn	56.692.878	60.133.156
Ýmsar sérgreindar vörur	63.639.545	87.343.074
Vörukaup, sérgreind	63.639.545	87.343.074
Fundir, námskeið, risna	60.895.454	52.363.263
Ferðir, uppihald	68.594.901	63.053.537
Akstur	2.678.495	2.368.260
Sérfræðipjónusta	202.082.174	170.554.749
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	14.499.681	34.462.244
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	70.147.390	77.682.372
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	29.548.241	32.844.797
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	448.446.336	433.329.222
Samningsbundin kaup og leiga	3.204.782	3.242.413
Afnotagjöld	93.967.342	68.462.438
Leigugjöld	132.351.411	124.198.281
Notkun véla og flutningatækja	2.481.109	2.294.033
Verkkaup	40.334.032	25.982.503
Kostnaðarhlutdeild	752.015	654.641
Tryggingar, lögboðnar	2.193.204	1.984.254
Opinber gjöld	2.630.190	2.779.938
Tapaðar kröfur	17.152.009	3.020.258
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	295.066.094	232.618.759
Annar rekstrarkostnaður samtals	863.844.853	813.424.211

Skýringar

	2024	2023
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	26.963.817	28.225.977
Farartæki og vélar	4.125.450	3.212.950
Niðurfærsla óefnislegra eigna	4.642.484	3.094.989
	<u>35.731.751</u>	<u>34.533.916</u>
	31.12.2024	31.12.2023
9 Handbært fé		
Sjóðir	27.361.819	523.507
Tékkareikningar	384.857.558	203.114.397
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	169.642.740	58.225.031
	<u>581.862.117</u>	<u>261.862.935</u>
10 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	342.732.859	322.903.480
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(21.199.386)	(4.199.386)
	<u>321.533.473</u>	<u>318.704.094</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	299.413.559	294.937.572
Viðskiptakröfur í erlendra mynt	43.319.300	23.766.522
	<u>321.533.473</u>	<u>318.704.094</u>
11 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	952.954.784	1.262.932.755
Aðrir ríkisaðilar	19.553.037	25.458.384
	<u>993.707.207</u>	<u>1.288.391.139</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	1.782.775	1.837.849
	<u>1.782.775</u>	<u>1.837.849</u>
12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	5.411.472	0
Skattar	39.394.052	20.094.714
	<u>44.805.524</u>	<u>20.094.714</u>

Skýringar

13 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	62.305.831	68.514.597
Farartæki og vélar	19.845.656	9.371.106
	82.151.487	77.885.703

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	196.993.049	25.703.600	0	0	222.696.649
Viðbætur á árinu	20.755.052	14.600.000	0	0	35.355.052
	217.748.101	40.303.600	0	0	258.051.701
Afskriftir 01.01.2024	128.478.452	16.332.494	0	0	144.810.946
Afskrift ársins	26.963.818	4.125.450	0	0	31.089.268
	155.442.270	20.457.944	0	0	175.900.214
Staða 31.12.2024	62.305.831	19.845.656	0	0	82.151.487

31.12.2024 31.12.2023

14 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir	38.687.373	43.329.857
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir	18.263.274	18.263.274
	56.950.647	61.593.131

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024	46.424.846
Viðbætur á árinu	0
	46.424.846
Niðurfært 01.01.2024	3.094.989
Niðurfærsla ársins	4.642.484
Selt/niðurfært á árinu	7.737.473
Staða 31.12.2024	38.687.373

31.12.2024 31.12.2023

15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir	9.290.551	68.285.727
	9.290.551	68.285.727
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	9.290.551	67.281.381
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	0	1.004.346
	9.290.551	68.285.727

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	237.674.998	226.184.769
Ógreidd laun	14.208.703	15.497.967
Önnur ógreidd gjöld	83.465.123	1.218.019
	335.348.824	242.900.755

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	139.102.135	139.478.834
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(18.510.416)	(26.855.364)
	120.591.719	112.623.470

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	139.478.834	(26.855.364)	112.623.470
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	43.700.000	43.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	35.355.052	(35.355.052)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(35.731.751)	0	(35.731.751)
	139.102.135	(18.510.416)	120.591.719

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 30,9 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

18 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	1.627.699.963	1.511.935.162
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	1	0
Afkoma ársins	12.728.584	115.764.801
Jöfnuður 31.12.	1.640.428.548	1.627.699.963

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

19 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin er með skuldbindandi samninga alls upp á kr. 382 milljónir í árlegar greiðslur. Árlegar greiðslur vegna húsaleigusamninga eru alls kr. 139 milljónir. Rekstrar- og þjónustusamningar nema kr. 126,9 milljónum á ári og aðrir skuldbindandi samningar stofnunarinnar nema kr. 242,3 milljónum á ári.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.